



RAM opnar á Hellissandi

Föstudaginn næstkomandi, 6. nóvember mun nýr veitingastaður opna dyr sínar á Hellissandi. Sylvaine Scharapenko ætlar að opna staðinn þar sem Kaffi Sif hefur verið til húsa og mun hann bera nafnið RAM. RAM stendur fyrir Restaurant, Art, Meeting eða veitingastaður, list og samkoma og lýsir það vel þeirri hugmynd sem Sylvaine byggir staðinn á. Hún sér fyrir sér að RAM sé samkomustaður fyrir mat, samtöl og list, þar sem gestir upplifa sig velkomna og eru þægindi gesta henni ofarlega í huga. Staðinn er hún að opna fyrir íbúa á Snæfellsnesi en draumur Sylvaine er að staðurinn vaxi og þróist með gestunum og hugmyndum frá þeim. Til að byrja með mun vera hægt að fá klass-

ískan þýskan mat á RAM en með tímanum vill Sylvaine læra að nota meira af vörum héðan af svæðinu, til dæmis rabbabara, bláber og lamb. Hún hefur þá hugsað sér að nálgast þessar vörur sem hún mun nota af svæðinu frá litlum aðilum og fyrirtækjum á Snæfellsnesi. Veitingastaðurinn verður opinn alla miðvikudaga til sunnudaga frá kl 11.00 til 23.00. Alla daga verður hægt að fá grænmetisrétt, kjötrétt, ferskt brauð, bollur og kökur. Á kvöldin verður hægt að fá litla rétti eða snarl. Á föstudögum verður svo breyting á og verða þá pizzadagar. Sylvaine kemur úr lítilli sveit í Þýskalandi þar sem uppbygging innviða hefur farið sífellt minnkandi svo hún ákvað að



koma hingað og taka þátt í uppbyggingu samfélagsins hér. Aðspurð segir hún það hafa verið listaverkið af hrútnum á íþróttahúsinu á Hellissandi sem dró hana að. Hellissandur heillar hana mikið og þar líður henni eins og hún sé heima. Hún segir einnig að á tímum sem þessum sé mikilvægt að kafa djúpt, finna sína hæfileika og nýta þá til að taka þátt í samfélaginu. Því ætlar hún að

tileinka vegg á veitingastaðnum list en þar geta allir spreytt sig, fengið listræna útrás og þannig gert eitthvað saman á þessum furðulegu tímum. Eins og áður kom fram mun RAM á Hellissandi opna á föstudaginn, 6. nóvember kl 15.00, farið verður eftir öllum sóttvarnareglum og hlakkar Sylvaine mikið til að taka á móti heimamönnum.

sj

Covid á Snæfellsnesi

Faraldurinn sem geisar á heimsbyggðinni virðist vera að lúta í lægra haldið hér á Íslandi ef marka má nýjustu tölur greindra smita. Staðan á Landspítalanum er ennþá á neyðarstigi en það er bara hægt að vona að með hertum aðgerðum sem tóku gildi 31. október muni bæði tíðni smita og álagið á heilbrigðiskerfinu batna. Engin smit eru á Snæfellsnesi þann 3. nóvember og aðeins einn einstaklingur í sóttkví. Hertar aðgerðir hafa þó áhrif á daglegt líf á nesinu líka og hefur öllum

sundlaugum, líkamsræktarstöðvum, hárgreiðslu- og snyrtistofum, krám og annarri starfsemi sem krefst nándar verið lokað. Fjöldatakmörkanir voru lækkaðar niður í 10 manns nema 50 manns í matvöruverslunum og apótekum og grímuskylda þar sem ekki er unnt að tryggja tveggja metra fjarlægð. Þessar takmörkanir standa nú til 17. nóvember og vona stjórnvöld að með þessum aðgerðum verði hægt að eiga tiltölulega eðlilega aðventu og jólahátíð.

sj



- Bílaviðgerðir
- Skipaþjónusta
- Almenn suðuvinna
- Smurþjónusta
- Smábátþjónusta
- Dekkjaverkstæði

vegr@vegr.is vegr.is

S: 849-7276 Remek og 898-5463 Þórður

Hrekkjavaka í Snæfellsbæ



Hrekkjavakan var haldin hátíðlegvíðaumlandsíðasta laugardag, 31. október. Þó hefðin komi upp-haflega frá Bandaríkjunum er hún farin að festa sig í sessi og verður vinsælli á Íslandi með ári hverju. Hrekkjavakan er alltaf haldin hátíðleg 31. október en hátíðarhöldin og skemmtunin teygir sig oft um 2 vikur fram í tímann, enda veitir ekki af skemmtun í skammdeginu. Hrekkjavakan var haldin hátíðleg víðsvegar í Snæfellsbæ þar sem börn og full-

orðnir klæddu sig upp í búninga, framreiddu ógurlegar veitingar í anda hrekkjavökunnar, skáru út grasker og skreyttu hús. Til að mynda tóku Leikskólar Snæfellsbæjar þátt í gleðinni, félagsmiðstöðin Afdrep hélt hrekkjavökuball fyrir unglíngastigið og Grunnskóli Snæfellsbæjar hélt ball fyrir 1.-4. bekk og 5.-7. bekk. Þá gerði starfsfólk Jaðars sér glaðan dag og mættu í búningum til vinnu.

sj



ÓLAFSVÍKUR- OG
INGJALDSHÓLSPRESTAKALL
kirkjanokkar.is



Helgistund í Ingjaldshólskirkju

á sunnudag klukkan 14. Kristniboðsdagur.

Streymt verður frá athöfninni.

Opin kirkja, öllum reglum fylgt og enginn kórsöngur.



Blaðið er gefið út af Steinprent ehf. og dreift á hvert heimili í Snæfellsbæ og Grundarfirði.

Blaðið kemur út vikulega.

Upplag: 1.100

Áb.maður: Jóhannes Ólafsson

Prentun: Steinprent ehf.
Sandholt 22a, Ólafsvík
355 Snæfellsbæ

Netfang: steinprent@simnet.is

Sími: 436 1617

Gjafir á Kríuból



Leikskólanum Kríubóli bárust góðar gjafir í sumar sem starfsmenn áhaldahúss Snæfellsbæjar hafa verið að setja upp og koma fyrir undanfarna daga. Ómar Lúðvíksson og eiginkona hans Kay Wiggs færðu leikskólanum fuglahús í tilefni af útskrift barnabarns þeirra af leikskólanum. Þess má geta að þegar fyrsta barnabarn þeirra útskrifaðist af leikskólanum færðu þau leikskólanum blóma-ker.

Kvenfélag Hellissands afhenti við þetta sama tækifæri leikskólanum kofa sem unnið er við að setja upp þessa dagana og verður smíðaður smíðaður

pallur í kringum hann og munu starfsmennirnir í framhaldinu setja fuglahúsin upp. Þeir Sölvi Guðmundsson og Rafnar Birgisson létu veðrið ekki á sig fá en það hefur verið rýsjótt tíð undanfarið.

Foreldrafélagið Leikur færði leikskólanum húsgögn í kofann sem verður komið fyrir þegar býið er að ganga frá honum og verður gaman fyrir börnin að gefa fuglunum að borða og fylgjast með þeim í vetur auk þess að leika sér í vel búnum kofanum. Þessar gjafir eru góð viðbót á svæði leikskólans og ánægjulegt hversu vel fólk og félagasamtök hugsar til leikskólanna.

þa



FASTEIGNASALA
SNÆFELLSNESS

Á heimasíðu
Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness
fasteignsnae.is
er að finna upplýsingar um allar eignir á
skrá hjá Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness.

Pétur Kristinsson hdl.
löggiltur- fasteigna- og skipasali sími 438-1199

Meistarabréf komið í hús

Lilja Hrund Jóhannsdóttir fékk afhent meistarabréfið sitt þann 21. október síðastliðinn. Lilja Hrund hefur rekið veitingastaðinn Sker ásamt bróður sínum og mágkonu síðan í júní 2018. Lilja hóf nám við matreiðsluátt í Menntaskólanum í Kópavogi haustið 2014 og vann samhlíða því á veitingastaðnum VOX á Hilton Hotel í Reykjavík. Hún lauk sveinsprófi við matreiðsluátt veturinn 2017 og hélt þaðan áfram í meistaranám. Vorið 2019 útskrifaðist Lilja með meistaragráðu við matreiðsluátt og er nú loks komin með meistaraþrófið í hendurnar.

Aðspurð segist Lilja Hrund vera þakklát fyrir heimamenn sem hafa verið að koma á Sker undanfarið því það séu einu viðskiptavinirnir eins og er. Þrátt fyrir



að reksturinn hafi dregist saman sökum Covid hafa þau reynt að bregðast við aðstæðum með því að til dæmis opna sælkerabúð inni á veitingastaðnum, bjóða uppá allan matseðilinn til að taka með og með skertum opnunartíma.

sj

Rökkurdagar

Nú þegar veturinn en genginn í garð og myrkrið fer að lengja er það venja hjá Grundfirðingum að halda sína árlegu menningarhátíð Rökkurdaga. Í ár var hún þó með breyttu sniði með tilliti til sóttvarna og héldu bæjarbúar hana hátíðlega dagana 26. október til 1. nóvember. Í sameiningu komu bæjarbúar, félagasamtök og menningarnefnd Grundarfjarðarbæjar saman með tillögur að viðburðum fyrir hátíðina. Bæjarbúar voru hvattir til að kveikja á hvítum séríum til þess að lýsa upp skammdegið og eins að setja hjörtu í gluggana, sér og öðrum til ánægju. Þá gengu nemendur grunnskólans um bæinn með kærleiksorð sem þau skildu eftir við hús í bænum.

Mikið var lagt upp úr hollri hreyfingu og bauð dagskráin upp á heilsueflingu fyrir 60+ og þá sem búa við örorku, rökkursund, rökkurspinning, vasaljósagöngu auk þess sem bæjarbúar voru hvattir til að ganga á Gráborgina.

Listasýning leikskólabarna var sett upp í gluggum Kjörbúðarinnar og búningadagur haldinn í tilefni Hrekkjavökunnar í leik- og grunnskólanum. Á föstudagskvöldið voru svo Rökkurlögin en þá voru upptökur af bæjarbúum að syngja hamingju og gleði inn í hjörtu allra í skammdeginu birtar á Youtube rás Grundarfjarðarbæjar. Nóg var um að vera alla vikuna og allstaðar gætt að sóttvarnareglum. Hægt að er sjá fleiri myndir og nálgast hlekk á Rökkurlögin á Facebook-síðu Grundarfjarðarbæjar.

sj



Bifreiðaverkstæði Ægis.
Rífl. S-4366677

Betra fyrir bílinn



Sími: 430 3700
www.fmis.is



Knattspyrnutímabili lokið

Föstudaginn 30. október samþykkti stjórn KSÍ að keppni á Íslandsmótum og bikarkeppni KSÍ 2020 skyldi hætt. Var þetta í samræmi við reglugerð um viðmiðanir og sértækar ráðstafanir vegna heimsfaraldursins og tók ákvörðunin strax gildi. Með því lauk keppnistímabilinu hjá meistaraflokki karla í knattspyrnu hjá Víkingi Ó.

Tímabilið 2020 var að mörgu leyti skrítið og litaðist af kórónaveirufaraldrinum en liðið endaði í 9. sæti með 19 stig eftir að hafa spilað 20 leiki af 22 í deildinni, 7 stigum á undan liðinu í 10. sæti Þrótti R. sem hélt sér uppi á markatölu. Það eru því Magni og Leiknir F. sem falla niður í 2.

deild að þessu sinni og skipta um deild við Kórdrengi og Selfoss sem koma upp á næsta tímabili. Keflavík og Leiknir R. fara upp í Pepsi Max deildina og skipta þar um deild við Gróttu og Fjölnir. Víkingur Ó endaði sem fyrr segir í 9. sæti með 19 stig þeir skorðu 26 mörk á tímabilinu en fengu á sig 44, unnu 5 leiki töpuðu 11 og gerðu 4 jafntefli. Það má því segja að Íslandsmeistarátitillinn í Futsal hafi verið hápunktur tímabilsins hjá Víkingi Ó.

Myndina tók ljósmyndari á síðustu æfingu strákanna sem nú eru komnir í frí og mæta örugglega tvielfdir þegar undirbúningstímabilð hefst.

þa



f Jökull Bæjarblað
✉ steinprent@simnet.is
☎ 436 1617



Verkalýðsfélag
Snæfellinga

100%
FJÁRMÖGNUM
NÁMSKEIÐ

EKKI MISSA AF TÆKIFÆRINU

FÁÐU STRAX UPPLÝSINGAR HJÁ
STÉTTARFÉLAGINU ÞÍNU EÐA
Á HEIMASÍÐU NTV SKÓLANS (NTV.IS)

BÓKHALD GRUNNNÁM

SKRIFSTOFU- OG TÖLVUFÆRNI

FRÁ HUGMYND AÐ EIGIN REKSTRI

VEFSÍÐUGERÐ Í WORDPRESS

APP- OG VEFHÖNNUN

DIGITAL MARKETING



Nýtt tilraunaverkefni á landsbyggðinni
í samstarfi við NTV skólann



NÁMSKEIÐIN ERU FJÁRMÖGNUM AF
LANDSMENNT, SJÓMENNT, RÍKISMENNT
OG SVEITAMENNT

ntv
www.ntv.is